

1947

ILL TÍÐINDI

sem mikil börf er á að afstýra

I.

Furðuleg eru þau tíðindi er svo að-dáanlega segir af í Eddu, er fimbul-vetur er: „þá drífr snær ór öllum áttum, frost eru þá mikil ok vindar hvassir, ekki nýtur sólar“. En á undan þeim ósköpum hafa verið „um alla veröld orostur miklar“; eða með öðrum orðum heimssþyrjöld, eins og nú er komist að orði.

Og að vísu höfum vjer það sem telja verður sannar frjettir af því að þegar ófriður hesir verið mikill, hesir tíðarfari alt stórspilst. Og er þar eitt frægasta dæmið það er Þúkýdides segir svo eftirminnilega frá í riti sínu um það sem maetti nefna þrjátímarastríðid gríska, er svo hörmulegar afleiðingar hafði, ekki einungis syrr Grikkji sjálfa, heldur syrr alt mannkyn. Því að það er ekki of sagt, að það hesir bitnað á öllu mannkyni síðan, er svo mjög dapradist eftir þann ófrið það ljós griskrar menningar, sem einumitt var líklegt að hefði lýst enn bjartar en áður, hefði ekki sá ófriður yfir komið; og þá enn betur greitt götu mannkynsins á þá braut, sem ekki liggur til glötunar, einsog sú sem síðan hesir verið farin.

II.

Miklar og aððaanlegar hafa verið framfarirnar í veðursráði þessa síðustu áratugi; en þó hesir ekki vottað syrr neinni vísindalegri skýringu á því, hvernig breytni mannfólkisins geti haft áhrif á veðurfarið. Virðist þó erfitt að efast um að svo sje. Og einnig í sögu íslensku þjóðarinnar kemur þetta fram. Hjer á Ísland virðist svo sem tíðarfarið versni til muna úr því kemur framyfir miðja 13. öldina, og þó einkum eftir aldamótin 1300. En í kringum miðja öldina urðu hjer ill tíðindi. Þá voru dreppnir niður, og það af náfrændum og venslamönnum, sumir hinir mestu merkis- og efnismenn sem á þessu laudi hafa verið, og maetti þó í því sambandi nefna Nordurlöndin öll. Og eftir það snýr íslenska þjóðin sem þverast frá þeiri leið, sem henni var líklegust til frama, og hún hefði þurft að fara, til þess að geta gegnt hlutverki sínu. En það er vist, að þessari litlu þjóð er hlutverk ætlað í sögu alls mannkyns. Og er í því sambandi eftirtektarvert, hversu engu er líkara á þessum síðustu tímum en því, að leitast sje við að rjetta þessari hrjádu þjóð hjálparhönd, einsog til að gera auðveldara fyrir um að því hlutverki verði sinn. Og er þó eftirtektarverð-

ast hve þjóðinni hefir farið likamlega fram á skömmum tima, við batnandi astæður, og hversu íslenskur æskulýður er yfirleitt skemtilegur. Það er ekki vafí á því, að efni eru til að hjer geli orðið merkileg þjóð, þótt smá sje, svo merkileg að hún verði fær um að gegna því hlutverki sem henni er ætlad — ef það tekst að afstýra þeim haettum sem nú voða yfir, og sífellt aukast, samkvæmt náttúrulögnum sem jeg hefi fyrir alllöngu reynt að vekja athygli á.

III.

Hversu iskyggilegur hann er þessi fimbulvetur sem nú þjáir fólkid úti í Evrópu, og þó viðar, og hversu nærrí liggur að fara að hugsa um hvernig verða mundi um Íslands bygð, ef slíkir kæmu hjer, og þó enuþá verri, einsog búast mætti við eflir hnattstöðunni. Það eru ekki mörg þúsund ár síðan jöklar fóru hjer að vaxa mjög frá því sem þá hafði áður verið um hríð, og vjer höfum þess ótvírað merki, að jöklar hafá þá gengið fram í sjó bæði við Skjálfanda og Eyjafjörð; en á Suðurlandi langt niður á Rangárverlli, einsog fróðlegt landslag syrir framan Keldur sýnir svo að ekki verður um vilst. Veðurfarsbreytingar á þann veginn mega ekki verða, ef Ísland á ekki að verða óbyggilegt, og þær munu heldur ekki verða — ef vjer eignum þann þáttinn sem oss ber, í því að mannkynið komist á hina sönnu framfaraleið.

En það er fleira semilt getur hlutfist af en verra veðurfar. Ofdrykkja hefir hjer magnast meir en svo, að samrýmt geti sannri menningu, og þó allar horfur á, að einn muní fara vaxandi vandræðin í þeim eftnum. Og er þar það ból sem ekki verður útrýmt með þeim aðferðum sem einn hafa verið reyndar. En þó er annað sem er ennþá iskyggilegra. Á jeg þar við unglingslæpafaraldur þann sem nú þegar er farinn að gera vart við sig hjer, og mundi þó miklu meir síðar, ef illa fer. En þar á jörðu, sem nú er þó mest velmegun, í Bandaríkjum, er þessi unglings- og jafnvel barnaglæpsemisalda, þegar farin að risa hátt, svo að þar er t. d. sagt af morðingja, og það tiltakanlega hrylli-legrar tegundar, sem var aðeins 13 ára.

Jeg ætla ekki að fara að skýra hvernig á þessum unglingslæpafaraldri stendur, enda eru sumar orsakir þar alveg í augum úppi. Og ekki þarf að esa, að þarna er um að ræða sjerstaklega ferlegt einkenni helstefnumannkyns.

IV.

Mikill verður sá munur, ef oss auðnast undan að stýra því sem nú stefnir til, og komist á hina rjettu leið. Og, svo að eitt sje nefut, þá munu öræfin íslensku verða oss ótrúlega mikils virði. Og þeir verða margir um alla jörð, sem þar vildu komið hafa, og koma munu. En það sem til stefnubreytingarinnar þarf, er ekki

annað en það, að sannleikurinn verði hjer í meiri metum hafður en lygin. Og er nú einmítt ekki óliklegt, að auðveldara gæti orðið um slíkt en víða í öðrum stöðum, hjer hjá þeirri þjóð sem svo miklar mætur hefir haft á sannleikanum og sönumnum sögum, að það sem vjer nú köllum skáldsögur, hlaut hjá hemni nafnid lygasögur.

En meðan helstefnan ræður, getur jafnvel hjá slíkri þjóð, svo illa á afvegum orðið, að sannleikurinn sje þar því minna metinn sem hann er meira verður, og villan orðið svo róm, að jafnvel sje reynt að telja mönnum trú um, að glærpa maður af tiltakanlega helstefnulegri tegund, sje nú reyndar altaðþví dýrlingur; en hinsegar sá sem í raun rjettri er vitur maður og góðgjarn, sje ekkert minna en vitsfiringur og óþokki í tilbóli. Það má reiða sig á, að þar sem samleikanum er þannig misbodið, og slík viðleitni getur tekist, er mjög eindregið haldið í helstefnuátt.

11. febr. 1947.

Helgi Pjeturss.